Fréttatilkynning
12 April 2023 19:10:00 GMT

# Origo hf. – Niðurstaða almenns tilboðs til hluthafa

Vísað er til tilkynningar Origo hf., kt. 530292-2079, Borgartúni 37, 105 Reykjavík („**Origo**“ eða „**félagið**“) þann 26. mars síðastliðinn, þar sem Origo lagði fram almennt tilboð til hluthafa félagsins um kaup á allt að 25.000 hlutum gagnvart hverjum hluthafa.

Tilboðsverð var kr. 87 per hlut, kvaða- og veðbandalausan. Tilboðsverðið er það verð sem boðið var í valfrjálsu tilboði AU 22 ehf., aðlagað vegna arðgreiðslu að fjárhæð kr. 2.000.000.000, sem ákveðin var á aðalfundi félagsins þann 21. mars sl.

Gildistíma tilboðsins lauk kl. 17:00 þann 11. apríl 2023. Alls tóku 34 hluthafar tilboði Origo hf. og bárust samþykki fyrir alls 397.522 hlutum. Greiðsla til þeirra sem samþykktu tilboðið og afhending hluta fer fram 18. apríl 2023.

Eftir uppgjör tilboðsins mun Origo eiga 2.423.187 eigin bréf.

Nánari upplýsingar veitir Gunnar Petersen, Fjármálastjóri Origo, **gp@origo.is**

**Viðhengi**

---

**Origo hf. – Niðurstaða almenns tilboðs til hluthafa**